

Íbúa- og atvinnuþróun á Suðurnesjum og áhrif hennar á sveitarfélögin


Kynning á aðalfundi SSS 14. október 2023


Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur

Aton.JL

Verkefnið

- Mikil uppgangur og uppbygging hefur átt sér stað á Suðurnesjum á undanförunum árum.
- Íbúum hefur fjölgað mjög mikið með margvíslegum áhrifum á sveitarfélögin á svæðinu og verkefni þeirra.
- Með því að safna og greina margvísleg gögn um lýðfræði, atvinnulíf, tekjur og fleira á svæðinu geta sveitarfélögin brugðist við þessari þróun
- Horft er bæði til svæðisins í heild sem og til einstakra sveitarfélaga því þó margt sé sameiginlegt þá eru ýmis atriði sem skilja á milli þeirra.





- Íbúa- og atvinnuþróun í samhengi við tekju- og útgjaldaþróun sveitarfélaganna.
- Hver er vænt þróun helstu þjónustuþátta sveitarfélaganna þ.e. leikskóli, grunnskóli, þjónusta við fatlað fólk og aldraða ásamt öðrum þjónustuþáttum?
- Hvað geta sveitarfélög gert til að hafa áhrif á íbúaþróun og atvinnuuppbyggingu?
- Felast hættur eða áskoranir í íbúasamsetningu?

Viðfangsefni og niðurstöður

- Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað um 46% á síðustu 10 árum – landsmönnum um 20,5%
- Fjölgunin er tæplega 10.000 manns – tæplega 1/6 af heildarfjölgun landsmanna
- Hlutfall landsmanna sem býr á Suðurnesjum er nú 8,0% og hefur hækkað úr 6,6% á 10 árum
- Hlutfall innflytjenda á svæðinu er 28,0% – 18,0% á landsvísu
- 6,2 % íbúa eru á leikskólaaldri – 5,9% á landsvísu
- 12,9% íbúa eru á grunnskólaaldri – 12,4% á landsvísu
- Störfum hefur fjölgað um 56% á 10 árum – 27% á landsvísu
- Mesta aukningin er í ferðaþjónustu og störfum tengdum flugvælinum
- Hlutfall starfandi er lægra en í öðrum landshlutum
- Atvinnuleysi var 4,2% í september - hæst af öllum landshlutum og jókst um 0,3% milli mánaða
- Laun á Suðurnesjum eru lægri en landsmeðaltal

Íbúar -



Búferlaflutningar hafa haft mjög mismunandi áhrif á íbúapróun landshlutanna á tímabilinu 2017-2022 en hvergi meiri en á Suðurnesjum

	Innanlands		Milli landa		Fjölgun alls		Flutningar sem hlutfall af heildarfjölgun
	Fjöldi	% af íbúafjölda 1.1.2017	Fjöldi	% af íbúafjölda 1.1.2017	Fjöldi	% af íbúafjölda 1.1.2017	
Höfuðborgarsvæði	-1.723	-0,8%	23.440	10,8%	30.655	14,1%	70,8%
Suðurnes	1.124	4,7%	4.718	19,7%	7.056	29,4%	82,8%
Vesturland	-197	-1,2%	1.404	8,8%	1.612	10,1%	74,9%
Vestfirðir	-378	-5,5%	747	10,9%	509	7,4%	72,5%
Norðurland vestra	-260	-3,6%	467	6,5%	276	3,9%	75,0%
Norðurland eystra	10	0,0%	1.460	4,9%	2.107	7,1%	69,8%
Austurland	-359	-3,5%	1.041	10,1%	917	8,9%	74,4%
Suðurland	1.783	6,5%	3.599	13,1%	6.277	22,8%	85,7%
	0		36.876	10,9%	49.409	14,6%	74,6%

Einungis tveir landshlutar hafa bætt við sig fólki með innanlandsflutningum

Allir landshlutar bæta við sig vegna millilandaflutninga en enginn hlutfallslega meira en Suðurnes

$\frac{3}{4}$ hlutar fjölgunar landsmanna er vegna aðflutnings. Hlutfallið er hæst þar sem innanlandsflutningar bæta við en lægra þar sem um brottflutning innanlands er að ræða

Samsetning íbúapróunar 2013-2023

Suðurnes

	2003	2013	2023	2003-2013	2013-2023
Alls	16.802	21.206	31.049	26,2%	46,4%
0 ára	267	316	329	18,4%	4,1%
1-5 ára	1.337	1.753	1.923	31,1%	9,7%
6-15 ára	1.739	1.961	2.334	12,8%	19,0%
16-19 ára	2.221	2.460	3.160	10,8%	28,5%
20-69 ára	10.174	13.282	21.089	30,5%	58,8%
70+	1.064	1.434	2.214	34,8%	54,4%


- Fæddir á Suðurnesjum eru margir vegna þess að Suðurnesjamenn eru ungir, ekki vegna þess að þeir eigi fleiri börn en aðrir
- Fjölgun barna á skólaaldri hefur verið mun minni en í öðrum aldursflokkum. Mest er fjölgunin meðal fólks á starfsaldri en einnig meðal eldri en sjötugra. Óveruleg fjölgun barna á leikskólaaldri síðasta áratug; mun minni en var áratuginn þar á undan. Unglingum á framhaldsskólaaldri fjölgar nú örar en var fyrir 10 árum.

Einstök sveitarfélög

	Íbúa- fjölgun	0- ára	1-5 ára	6-15 ára	16-19 ára	20-69 ára	70+
Reykjanesbær	55,0%	16,7%	18,1%	15,9%	33,3%	70,1%	50,7%
Grindavík	28,3%	-33,3%	-2,5%	25,2%	8,4%	34,6%	52,4%
Vogar	26,3%	-27,8%	-29,6%	-8,7%	-4,2%	48,3%	33,8%
Suðurnesjabær	26,3%	-27,8%	-29,6%	31,1%	5,7%	32,0%	83,5%

- Íbúafjölgunin hefur verið langmest í Reykjanesbæ og þar hefur fjölgað á öllum skólastigum þótt hlutfallsleg fjölgun sé mest á starfsaldri.
- Í Vogum fækkar í öllum yngri aldursflokkum
- Í hinum sveitarfélögum er fækkun á leikskólaaldri en fjölgun á grunnskólaaldri.


Innflytjendur á Suðurnesjum



Heimild: Hagstofa





- Karlkyns innflytjendum hefur fjölgað í bylgjum og þeim fækkaði eftir hrun fjármálakerfisins. Meðan á farsóttinni stóð fjölgaði þeim ekki.
- Konum meðal innflytjenda hefur fjölgað alla öldina einnig meðan farsóttin gekk yfir þegar horft er til Suðurnesja í heild.
- Áhrifin af hruni fjármálakerfisins á aðflutninga voru mun meiri en áhrif farsóttarinnar þótt neikvæð áhrif hennar á atvinnulíf hafi verið miklu meiri.
- Því miður hefur Hagstofan ekki birt gögn um stöðuna um síðastliðin áramót

Suðurnes – uppsafnaðir búferlaflutningar nettó (aðflutt-brottflutt)



- Frá árinu 2000 hefur íbúum fjölgað um 6.500 vegna millilandaflutninga.
- Á sama tíma hafa 4.000 fleiri flutt til Suðurnesja innanlands en burtu á aðra staði.
- Suðurnes töpuðu íbúum bæði innanlands og milli landa eftir fjármálahrunið. Það tók nokkurn tíma fyrir innanlandsflutningana að taka við sér.


Uppsafnaður nettóflutningur fólks frá árinu 2000




Reykjanesbær hefur fengið tæplega 821 íbúa frá öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum, einkum Vogum (327) og Grindavík (219). Frá 2014 hefur dæmið snúist við gagnvart Suðurnesjabæ en staðan í árslok 2022 er að 275 hafa flutt burt til annarra staða á Suðurnesjum

Skipting íbúa Suðurnesja eftir aldri og bakgrunni 2022


Búferlaflutningar hafa gjörbreytt aldersflokkskiptingu íbúa. Innflytjendur eru yfir helmingur karla á aldrinum 30-40 ára og yfir þriðjungur frá 25-54 ára. Innflytjendur eru yfir þriðjungur kvenna á aldrinum 25-49 ára. Þrátt fyrir hátt hlutfall á fæðingaraldri eru börn og unglingar hlutfallslega ekki mörg. Fæðingartíðni innlendra á Suðurnesjum er nokkuð há en fjöldi barna í hverjum árgangi væri 50-60 fleiri ef hún væri sú sama hjá innlendum og innflytjendum.




Aldursskipting staðanna er mismunandi sem endurspeglar aðallega mismunandi íbúapróun og búferlaflutningasögu




Reykjanesbær



Grindavík




Vogar




Suðurnesjabær


Reykjanesbær




Suðurnesjabær



Grindavík



Vogar




Atvinnulífið

Keflavíkurflugvöllur er þungamiðjan í þróun atvinnulífs á Suðurnesjum




Fjöldi einstaklinga með staðgreiðsluskyldar launatekjur– 12 mánaða hlaupandi meðaltal til ágúst 2023

- Fjölgun starfa í Reykjanesbæ hefur verið mun meiri en í hinum sveitarfélögum eftir farsóttina en dýfan var mest þar.
- Frá janúar 2021 til ágúst 2023 hefur fjölgun einstaklinga með staðgreiðsluskyldar launatekjur verið:
 - 64,1 % í Reykjanesbæ
 - 32,8 % í Grindavík
 - 32,2 % í Vogum
 - 39,2 % í Suðurnesjabæ
 - 28,0 % á landinu öllu
- Hefur toppnum verið náð?



Hlutfallsleg atvinnuskipting íbúa 2022

- Þegar litið er á Suðurnes í heild skiptir sjávarútvegur enn töluverðu máli þótt fjölmennustu atvinnugreinarnar í einkageiranum séu verslun og þjónusta og svo starfsemi tengd flugi og ferðaþjónustu. Sú atvinnugrein er orðin einkennisgrein Suðurnesja.
- Allar tölurnar hér fjalla um íbúa Suðurnesja – ekki þá starfsemi sem þar fer fram



Hlutfallsleg skipting starfa: meðaltal 2022

	Suðurnes	Reykjanesbær	Grindavík	Vogar	Suðurnesjabær
Landbúnaður og skógrækt	0,2%	0,2%	0,0%	1,6%	0,0%
Sjávarútvegur	9,4%	4,8%	28,5%	6,6%	16,6%
Iðnaður og veitur	7,5%	7,3%	6,6%	15,3%	6,4%
Byggingarstarfsemi ofl	5,9%	6,1%	4,6%	5,6%	6,1%
Verslun og þjónusta	25,0%	27,3%	19,2%	25,4%	17,9%
Flug og ferðaþjónusta	25,3%	28,4%	14,6%	16,0%	23,0%
Opinber stjórnsýsla og þjónusta	26,6%	25,9%	26,5%	29,5%	30,0%

Hlutfallsleg skipting starfa meðaltal 2022

	Suðurnes	Reykjanesbær	Grindavík	Vogar	Suðurnesjabær
Landbúnaður og skógrækt	0,2%	0,2%	0,0%	1,6%	0,0%
Sjávarútvegur	9,4%	4,8%	28,5%	6,6%	16,6%
Iðnaður og veitur	7,5%	7,3%	6,6%	15,3%	6,4%
Byggingarstarfsemi ofl	5,9%	6,1%	4,6%	5,6%	6,1%
Verslun og þjónusta	25,0%	27,3%	19,2%	25,4%	17,9%
Flug og ferðaþjónusta	25,3%	28,4%	14,6%	16,0%	23,0%
Opinber stjórnsýsla og þjónusta	26,6%	25,9%	26,5%	29,5%	30,0%



Hver staður hefur sín sérkenni:

- Reykjanesbær byggir á flugtengdri starfsemi og þjónustu
- Í Grindavík er sjávarútvegur öflugur
- Suðurnesjabær er blanda af þessu hvoru tveggja að hluta vegna mismunar á þéttbýlisstöðunum tveimur
- Iðnaðarstarfsemi er hvergi meiri en í Vogum
- Opinber þjónusta er alls staðar stór atvinnugrein

Tekjur




Uppruni tekna íbúa á Suðurnesjum





- Tekjur hafa farið mjög vaxandi á síðustu árum.
- Í kjölfar hruns fjármálakerfisins og svo aftur í farsóttinni kom öryggisnetið til móts við tekjuminnkun: bæði atvinnuleysisbætur og fæðingarorlof en það gegndi umtalsverðu hlutverki á farsóttartímanum.
- Fæðingum fjölgaði meðan á farsóttinni stóð og fæðingartíðni óx tímabundið hjá konum á aldrinum 25-44 ára. Engin aukning varð í fjölda frumbyrja en þeim mun meiri aukning í fjölda kvenna sem eignuðust sitt annað og þriðja barn.

Hvaðan koma launatekjurnar?




Tekjusamsetning íbúa Suðurnesja jan-júl 2023

Allar staðgreiðsluskyldar greiðslur




Aðrar greiðslur






Skatttekjur sveitarfélaga 2022

- Reykjanesbær og Suðurnesjabær hafa sömu og lægstu tekjur af útsvari.
- Reykjanesbær er með langlægstar tekjur af fasteignagjöldum.
- Suðurnesjabær bætir upp með miklum tekjum af fasteignagjöldum en fær töluverða viðbót frá Jöfnunarsjóði sem jafnar ekki tekjur milli sveitarfélaganna heldur eykur mismuninn og getur þannig dregið úr hag sveitarfélaganna af sameiningu.

Þúsundir króna á íbúa



Tekjusamsetning á íbúa meðal álíka fjölmennra sveitarfélaga 2022




- Þrátt fyrir aðkomu Jöfnunarsjóðs eru tekjur á hvern íbúa í Reykjanesbæ hinar lægstu meðal fjölmennustu sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóður eykur bilið á milli þeirra.
- Jöfnunarsjóður gegnir veigamiklu hlutverki í tekjumyndun miðlungsfjölmennra sveitarfélaga.
- Tekjur á hvern íbúa eru lægstar í Vogum af álíka fjölmennum sveitarfélögum. Tekjuhærri sveitarfélög af eigin aflafé fá sum meira úr Jöfnunarsjóði en Vogar.

Tölur fyrir ofan súlur sýna íbúafjölda

Þróun útsvarsstofnsins árið 2023

- Sveitarfélögin á Suðurnesjum eru í hópi þeirra sveitarfélaga sem hafa upplifað jákvæðustu þróunina á árinu 2023 ef Vogar eru undanskildir. Vöxtur útsvarsstofnsins er með því mesta og á sama tíma hefur íbúum fjölgað.
- Útsvarstekjurnar fyrstu 6 mánuði ársins hafa vaxið svona frá fyrra ári:
- Reykjanesbær 21,7%
- Grindavík 17,4%
- Suðurnesjabær 17,8%
- Vogar 11,6%







Bláu línurnar sýna landsmeðaltal


Fasteignaskattur

Stofni fasteignaskatts af atvinnuhúsnæði er mjög misjafnlega skipt á milli sveitarfélaganna

Suðurnesjabær hefur getað lækkað álagningarhlutfall af íbúðarhúsnæði vegna mikilla tekna af atvinnufasteignum. Vogar hafa orðið að hafa hlutfallið af íbúðarhúsnæði hátt en eru samt ekki hálfdrættingar við Suðurnesjabæ í fasteignaskatttekjum á íbúa.




Að sníða sér stakk eftir vexti: Skatttekjur og rekstur málaflokka á íbúa 2022




Reykjanesbær hefur lagað kostnað við rekstur málaflokka að skatttekjum sem eru meiri en gjöld vegna málaflokka. Þetta á við um Suðurnesjabæ einnig meðan önnur sveitarfélög á svæðinu hafa meiri kostnað við að veita þjónustu sem dugar þó ekki til þrátt fyrir meiri skatttekjur.

Fræðslumál

Kostnaður við fræðslumál á íbúa miðað við landsmeðaltal




Stærð skóla skiptir miklu varðandi kostnað á hvern nemanda. Tölur fyrir 2021. Bláu deplarnir eru skólar á Suðurnesjum og rauðu línurnar eru kostnaður á hvern nemanda að meðaltali á landinu öllu fyrir hvern flokk



Sameiginlegur kostnaður

Enginn kostnaðarliður í rekstri sveitarfélaga fer eins mikið eftir íbúafjölda og sameiginlegur kostnaður, þ.e. kostnaður við skrifstofu og stjórn sveitarfélagsins. Hér er mestur fjárhagslegur ávinningur af sameiningu.



Framtíðarmöguleikar Suðurnesja áskoranir og tækifæri

- Suðurnesin eru í þeirri öfundsverðu stöðu að allt útlit er fyrir áframhaldandi vöxt atvinnu langt umfram náttúrulega fjölgun íbúa. Það getur komið til að sveitarfélögin þurfa að velja og hafna.
- Áframhaldandi aðflutningur vinnuafis í stórum stíl leiðir ekki til sjálfbærra samfélaga
- Of mörg ný störf eru í greinum þar sem tekjur eru lægri en landsmeðaltal
- Of mikill hluti af nýjum störfum á Suðurnesjum eru með lægri tekjur en landsmeðaltal í viðkomandi greinum
- Skólasókn í framhaldsskólum er álíka og fyrir landið allt en hún er mun minni á háskólastigi.
- Aldursskipting sveitarfélaganna á Suðurnesjum væri hagstæð fyrir rekstur sveitarfélaga (fá börn) ef ekki væri fyrir það að tekjur eru lágar
- Mörg ný verkefni eru á teikniborðinu sem gætu jafnvel aukið hagvöxt og íbúafjölgun enn:
 - Auðlindagarður HS Orku
 - Algalíf
 - Landeldi Samherja
 - Grænn iðngarður við Helguvík
 - Áform Kadeco – K64
- Mikilvægt að fyrirsjáanleg fjölgun starfa á Keflavíkurflugvelli verði betur launuð í framtíðinni, m.a. vegna tækniþróunar en hún gæti leitt til þess að færri störf verði til þar.
- Geta sveitarfélögin mótað sér stefnu um það hvernig vöxt þau vilja?

Atriði til ítarlegri athugunar



- **Samhengi fjölgunar íbúa og tekna og gjalda**
 - Hvernig fjölgun íbúa er framundan?
 - Hvað kostar að vaxa og hvaða tekjur fylgja því?
 - Hvaða hagkvæmni stærðar er væntanleg?
- **Samanburður við rekstur sambærilegra sveitarfélaga**
 - Eru tækifæri til hagræðingar?
- **Rekstur málaflokka**
 - Samanburður við önnur sveitarfélög
 - Eru hjallar framundan?
- **Mögulegur framreikningur**
 - Væri fjárhagslega hagkvæmt að sameina sveitarfélögin frekar?

Takk fyrir

Samanburður Suðurnes og landið allt

Suðurnes

Landið allt



Um Aton.JL

Um Aton.JL

- Aton.JL veitir ráðgjöf um skipulögð samskipti fyrirtækja og stofnana með greiningu og stefnumótun.
- Hjá Aton.JL starfar fjölbreyttur hópur fólks sem gerir okkur kleift að klæðskerasníða teymi að ólíkum verkefnum. Við búum yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífi, skapandi greinum, stjórnslu, stjórnámálum, fjölmiðlum, markaðssetningu og vörumerkjaþróun.
- Á meðal viðskiptavina Aton.JL eru mörg af framsæknustu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

